

88 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**
 30. ágúst **Árnessýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 30. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrunamannahreppi, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess að þingstaður Hrunamannahrepps verði fluttur frá Hruna í hinn nýja barnaskóla hreppsins hjá Hellisholtum, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

89 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**
 29. sept. **Pingeyjarsýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 2. þ. m., og beiðni hreppsnefndar í Aðaldælahreppi í Pingeyjarsýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til að þingstaður Aðaldælahrepps verði fluttur frá Ytrafjalli að Hólmavaði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

90 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**
 9. okt. **Árnessýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 3. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Ölveshreppi í Árnessýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til, að þingstaður Ölveshrepps verði fluttur frá Kröggólfsstöðum að Hveragerði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.